

3. fundur fræðslunefndar vegna Flúðaskóla árið 2012, haldinn 30. apríl, kl. 14.00, í Flúðaskóla.
16. fundur kjörtímabilsins 2010 – 2014.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson sem ritaði fundargerð, Bjarney Vignisdóttir, varamaður Gunnars Jóhannessonar, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir aðstoðarskólastjóri, Lára Bergljót Jónsdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahrepp, Eva Marín Hlynisdóttir, fulltrúi úr skólaráði. Anna K. Ásmundsdóttir, fulltrúi kennara og Ingvar Hjálmarsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppi boðuðu forföll.

Dagskrá.

1. Skýrsla skólastjóra.
2. Rekstrartölur vegna 1. ársfjórðungs
3. Skóladagatal næsta skólaárs.
4. Skólastefna, næstu skref.
5. Önnur mál.

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra.

Skýrslu skólastjóra frestað til næsta fundar.

2. Rekstrartölur vegna 1. ársfjórðungs.

Farið var yfir fjárhagsstöðuna á 1. ársfjórðungi þessa árs. Kostnaður vegna húsnæðishitunar hefur hækkað mikið á milli ára. Samþykkt að skólastjóri kanni málið frekar.

3. Skóladagatal næsta skólaárs.

Skólastjóri fór yfir drög að skóladagatali fyrir Flúðaskóla, næsta skólaár 2012-2013. Fræðslunefnd samþykkir dagatalið.

4. Skólastefna, næstu skref.

Formaður fór yfir málið. Capacent sem annast ráðgjöf og úrvinnslu eftir Skólapingið, sem haldið var í byrjun apríl, hefur óskað eftir fundi þar sem niðurstöðum þingsins verður skilað. Rætt var um næstu skref við vinnu skólastefnunnar.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 15.00.